Dagskrá málþings um Eirík Magnússon
í Þjóðarbókhlöðu
20. apríl 2013 kl. 14.00-16.30:

14:00:
Ávörp:
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður,
Katrín Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra.

14:20:
Pétur Pétursson, prófessor við Háskóla Íslands:
„Guðfræðingurinn Eiríkur Magnússon."

14:40:
Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands:
„Sigríður Einarsdóttir Magnússon (1831-1915)."

15:00:
Kaffihlé og opnun sýningar.

15:30:
Dr. Andrew Wawn, prófessor við háskólann í Leeds á Englandi:
„Eiríkur Magnússon - meistari og fræðimaður."

15:50:
Guðjón Jensson, bókasafnsfræðingur:
„Bankamálið og samskipti Eiríks Magnússonar við Skúla Thoroddsen."

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Apríl 2013 - Ólafur J. Engilbertsson

Eiríkur Magnússon

bókavörður í Cambridge (1833-1913)



Málþing og sýning í Þjóðarbókhlöðu 20. apríl 2013

Eiríkur Magnússon var menntaður guðfræðingur en sinnti fræðastörfum á mörgum sviðum. Hann var mikilvirkur þýðandi og útgefandi ýmissa fornrita, guðfræðirita, ljóða og sálma, þjóðsagna og ævintýra. Eiríkur hafði í ára raðir merka samvinnu við George Powell og William Morris um þýðingar og útgáfu á íslenskum bókmenntum. Þeir Powell þýddu m.a. flestar af þjóðsögum Jóns Árnasonar sem komu út í tveimur bindum 1864 og 1866. Eiríkur og Morris þýddu mörg öndvegisverk íslensk eins og *Heimskringlu*, *Grettis sögu*, *Völsunga sögu* og *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Eiríkur þýddi á ensku *Völuspá* og *Lilju* Eysteins Ásgrímssonar. Einnig þýddi Eiríkur á íslensku, m.a. *Ofviðrið* (The Tempest) eftir Shakespeare og *För pílagrímsins frá þessum heimi til hins ókomna* (Pilgrim´s Progress) eftir John Bunyan. Eiríkur var mikill baráttumaður fyrir hagsmunum Íslands. Hann hafði talsverð samskipti við Jón Sigurðsson þar sem báðir voru Geirungar, félagar í Atgeirnum, deild innan Hins íslenska þjóðvinafélags. Hann var einnig baráttumaður fyrir „opnum bókasöfnum“ sem nýttust öllum almenningi og setti fram hugmyndir um framtíðarbókasafnið sem hann hugsaði sér að yrði spírallaga og mætti bæta við út frá miðju.

Pétur Pétursson, prófessor við Háskóla Íslands: „Guðfræðingurinn Eiríkur Magnússon.“

Eiríkur Magnússon lauk prófi frá Prestaskólanum í Reykjavík og stefndi að því að verða aðstoðarprestur föður síns austur á landi. En svo varð ekki heldur var hann ráðinn til að lesa prófarkir að endurskoðaðri Biblíuþýðingu þeirra Péturs Pétursson forstöðumanns Prestaskólans og Sigurðar Melsted kennara við sama skóla og fór hann í því skyni til London til að hafa eftirlit með prentun hennar og frágangi. Eiríkur sótti um stöðu dómkirkjuprests í Reykjavík árið 1861, en fékk ekki og nokkra mánuði var hann sendiráðsprestur Dana í London en prestsþjónusta hans varð ekki lengri þótt hann ílentist á Englandi. Eiríkur var fyrst og fremst fræðimaður og stjórnmálamaður (diplomat) en hann fylgdist vel með kirkju- og trúmálum og mótaðist af framfarahug og frjálslyndi Englendinga á því sviði og þótt hann tæki sjaldan þátt í beinum trúardeilum þá hafði hann mjög ákveðnar skoðanir á þeim málum. Hann hafði áhrif á og greiddi götu áhrifamanna í íslensku kirkjulífi eins og Matthíasar Jochumssonar og Haraldar Níelssonar. Í fyrirlestrinum fjallar Pétur Pétursson um guðfræði og trúarskoðanir Eiríks, greinir frá deilum hans um biblíuþýðingar við landa sinn Guðbrand Vigfússon sem hafði komið sér vel fyrir í Oxford á meðan Eríkur starfaði sem háskólabókavörður í Cambridge. Einnig fjallað Pétur um afskipti hans af þýðingu og útgáfu Biblíunnar sem út kom árið 1912.

Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands: „Sigríður Einarsdóttir Magnússon (1831-1915).“

Sigríður Einarsdóttir var fædd í svokölluðum Brekkubæ í Reykjavík þar sem nú er neðst í Mjóstræti í Grjótaþorpi. Hún var dóttir hjónanna sem þar bjuggu, Einars Sæmundssonar og Guðrúnar Ólafsdóttur. Hún giftist Eiríki Magnússyni árið 1857 þegar hann var enn við nám í Prestaskólanum og hélt með honum til Skotlands með póstskipinu Díönu í júní 1862. Hvorugt átti afturkvæmt til Íslands öðru vísi en sem gestir. Bæði héldu þó nafni fósturjarðarinnar fast á lofti á erlendum grundum, hvort með sínum hætti. Sigríður tók upp eftirnafn eiginmanns síns og varð frú Magnússon. Margfennt hefur í spor Eiríks, sagði Guðjón Sigþór Jónsson í fróðlegri grein um hann. Spor Sigríðar hafa hins vegar aldrei verið rakin og voru þau þó býsna skýr í hugum samferðamanna hennar. Hér beinir Auður einkum sjónum að starfi Sigríðar að kvenréttindamálum, bæði á Íslandi og erlendis, en hennar hlutur í þeim efnum hefur fallið í þagnargildi. Það var þó öðrum fremur henni að þakka að Íslands var minnst í erlendum ritum og ræðum kvenréttindasinna í Evrópu og Ameríku á ofanverðri 19. öld sem öndvegisþjóðar í réttindamálum kvenna.

Dr. Andrew Wawn, prófessor við háskólann í Leeds á Englandi: „Eiríkur Magnússon - meistari og fræðimaður.“

Í erindinu mun Andrew Wawn rannsaka fræðimannsferil og verk Eiríks „meistara“ Magnússonar, afkastamikils þýðanda og útgefanda íslenskra miðaldatexta, og kappmikils kennara íslenskra bókmennta og íslensku í Cambridge háskóla í nær 40 ár frá árinu 1871. Hvað þýddi Eiríkur og hvað kenndi hann? Hverjir voru lesendur hans og nemendur? Hversvegna vildu þeir fræðast um Ísland og læra íslensku? Og hvað rak Eiríkur til að kynna íslenska miðaldamenningu í Bretlandi Viktoríutímans?

Guðjón Jensson, bókasafnsfræðingur: „Bankamálið og samskipti Eiríks Magnússonar við Skúla Thoroddsen.“

Um mitt ár 1892 var Skúla Thoroddsen vikið úr embætti sýslumanns. Þessi umdeilda ákvörðun landshöfðingavaldsins um að hefja herferðina gegn Skúla hefur alltaf verið mikið leyndarmál. Hvaða atvik voru það sem komu landshöfðinga til að beita embættisvaldi sínu svo harkalega gagnvart undirmanni sínum? Yfirskynið var mistök Skúla við bókun í þingabók vegna gæsluvarðhalds Sigurðar sem hafði viðurnefnið „skurður“. Eða ofbauð Skúli yfirmönnum sínum með grandvaraleysislegu frjálslyndi og glannaskap? Í erindi Guðjóns Jenssonar dregur hann fram nýfundna heimild sem ekki hefur áður verið tekin afstaða til. Voru ástæður upphafs Skúlamálanna aðrar en áður hafa verið settar fram? Í erindinu er fjallað um samskipti Eiríks bókavarðar og meistara í Cambridge við Skúla Thoroddsen ritstjóra. Nýrri kenningu um upphaf Skúlamála er varpað fram sem, ef rétt reynist, kallar á endurskoðun Íslandssögunnar undir lok 19. aldar.